

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
125. fundur –7. apríl 2008

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 7. apríl 2008, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna heilbrigðiseftirlits.

Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra ritaði fundargerð. Júlíus Kr. Björnsson boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerð 124. fundar heilbrigðisnefndar frá 1. apríl 2008

Samþykkt

2 Flúormælingar í nágrenni Straumsvíkur 2007

Tore Skjenstad, heilbrigðisfulltrúi, kynnti skýrslu um mælingar á flúor, aðallega úr gróðursýnum, í nágrenni Straumsvíkur árið 2007. Skýrslan er unnin fyrir Alcan á Íslandi hf. af Efnagreiningum Keldnaholti, Nýsköpunarmiðstöð Íslands Sýnatökustöðum hefur verið fækkað frá fyrri árum.

Niðurstöður sýna óverulegar breytingu á flúor í gróðri frá mælingum síðustu ára

3 Mælingar á þungmálmum og brennisteini í nágrenni Straumsvíkur 2005

Tore Skjenstad, heilbrigðisfulltrúi, kynnti skýrslu um mælingar á þungmálmum o.fl. í mosa frá 2005. Sumarið 2005 fór fram á Náttúrufræðistofnun Íslands rannsókn á þungmálmum og brennisteini í mosa á Íslandi í samvinnu við Umhverfisstofnun og fleiri aðila. Rannsóknin er liður í vöktunaverkefni til að fylgjast með mengun sem berst með lofti og finna helstu uppsprettur hennar.

Niðurstöður sína að styrkur flestra þeirra efna sem mæld voru reyndist vera hærrí í nágrenni álversins en bakgrunnsgildin. Útbreiðslumynstur efnanna er aðallega tvenns konar sem gefur til kynna mismunandi uppruna. Annars vegar eru efni sem skýrsluhöfundar telja að komi greinilega frá álverinu og hins vegar efni sem koma að öllum líkindum frá starfsemi austan við álverið. Dæmi er einnig um efni sem eigi að nokkru leyti uppruna á báðum þessu stöðum.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Heilbrigðisnefnd telur að niðurstöður skýrslunnar staðfesti að búseta og matvælavinnsla eigi ekki að vera á svæðinu og ástæða sé til að huga meira að samlegðaráhrifum mengunar.

4 Loftgæðamælingar á Hvaleyrarholti

Í ágúst mánuði 2007 var tekin í notkun ný loftgæðastöð á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði.

Loftgæðastöðin er rekin af Alcan hf. í samvinnu við Umhverfisstofnun sbr. tl. 11 í fundargerð nefndarinnar frá 29. maí 2007. Meginhlutverk stöðvarinnar er að mæla brennisteinsdíoxíð og flúor frá álverinu og er staðsetning hennar miðuð við það. Einnig er mælt þar svífryk eins og mælt hefur verið þar undanfarin ár og bætt var við tækjum til að mæla nituroxíð frá umferð og brennisteinsvetni frá jarðvarmavirkjunum.

Farið var yfir helstu niðurstöðu úr mælingum undanfarnar vikur. Í ljós er að koma, að við viss veðurskilyrði mælist brennisteinsvetni (H₂S) í óæskilegaháum styrk á höfuðborgarsvæðinu. Hægt er að sjá loftgæði á svæðinu á netinu með tengli frá heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

5 Stjórnsýslukæra vegna starfsleyfisveitingar vegna flokkunar og geymslu jarðefna

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir dags. 3. apríl 2008 varðandi stjórnsýslukæru. Kærð er starfsleyfisveiting til handa Braga Sigurjónssyni Geirlandi við Suðurlandsveg til flokkunar og geymslu jarðefna.

Vísað til afgreiðslu heilbrigðiseftirlits.

6 Önnur mál

6.1 Ársskýrsla Umhverfisstofnunar fyrir árið 2007

Ársskýrsla Umhverfisstofnunar fyrir árið 2007 kynnt en skýrslan hefur verið birt á heimasíðu stofnunarinnar <http://www.ust.is/>

6.2 Heilsuvernd á tímum loftslagsbreytinga Alþjóðaheilbrigisdagurinn 7. apríl 2008

Í tilefni af alþjóðaheilbrigðisdeginum hélt Heilbrigðisráðuneytið fund í Norræna húsinu undir einkunarorðunum "Heilsuvernd á tímum loftslagsbreytinga". Markmiði fundarins var að beina athyglinni að áhrifum loftslagsbreytinga á heilsufar í heiminum og undirbúa aðildarríki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar betur að mæta þeim ógnunum sem þær kunna að hafa í för með sér á komandi tímum

Páll Stefánsson, heilbrigðisfulltrúi, gerði grein fyrir fundinum og þeim erindum sem þar voru flutt.

6.3 Búfáreftirlit

Lagt fram yfirlit um fjölda búfjár í umdæmi heilbrigðisnefndar janúar til apríl 2008

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:59

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Steingrímur Steingrímsson

Halla Halldórsdóttir

Gestur Pétursson

Sigurgeir Ólafsson